

Ed.

### 311. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjaljarðarsýslu.

#### Álit meiri hlutans.

Til þess að gerð sé grein fyrir máli þessu, er hin háttvirta deild fól oss til frekunar, þarf það fyrst að vera ljóst, hvert samband muni vera milli laganna frá 20. okt. 1905 um þjóðjarðasölu og laganna frá 20. okt. 1905 um forkaupsrétt leiguliða. Þetta er nauðsynlegt til þess að vita hvort alþingi og landstjórn hafi ekki fullan rétt til þess að ráðstafa jörðinni og hvort einstakir menn eða sveitarfélög hafi nokkurn forkaupsrétt á henni.

Eins og lögum um þjóðjarðasölu ná til allra þjóðjarða og ekki til annara jarða, eins er í lögum um forkaupsrétt leiguliða settar ákveðnar reglur viðvíkjandi sölu annara jarða en þjóðjarða. Þessi tvö lög eru blíðstæð og gilda hvor á sínu svæði. Lögum um forkaupsrétt leiguliða gilda alls ekki um þjóðjarðir fremur en lögum um sölu þjóðjarða gilda um jarðir þær, er ræðir um í lögum um forkaupsrétt leiguliða.

Lögum um forkaupsrétt leiguliða ná til þeirra jarða, sem ganga kaupum og sölum, veita ábúendum þessara jarða sérstök forréttindi, að því er snertir kaup á þeim, og sveitarfélögum, að ábúanda frágengnum. Lögum um þjóðjarðasölu veita ábúanda rétt til þess að ná kaupum á þjóðjörð og fela landstjórninni að standa fyrir söluum, en veita sveit-

arfélögum engan forkaupsrétt á þeim jörðum. Auk þess undanskilja lögin um þjóðjarðasölu sérstakar jarðir, er ekki má selja nema með sérstöku lagaboði og heimila engum forkaupsrétt á þeim jörðum.

Hvað hinar fyrnefndu þjóðjarðir snertir, sem landstjórninni er heimilað selja, þá er það birt, að lögin um forkaupsrétt leiguliða og sveitarfélaga ná ekki til þeirra, þegar af þeirri ástæðu, að þær jarðirnar eru aldrei boðnar sveitarfélögnum, að leiguliða fragengnum, engin heimild til þess í lögunum og engin venja fyrir því. En að því er snertir þær þjóðjarðir, er eigi má selja nema með sérstöku lagaboði, þá er auðsætt, að lögin um forkaupsrétt leiguliða ná, ef svo mætti segja, ennþá síður til þeirra. Væri svo, þá væri lögin um forkaupsrétt leiguliða gerð réttþærri en bein ákvæði þjóðjarðasölulaganna sjálfra (sbr. 2. gr.), svo þau lög gætu alla ekki náð tilgangi sínum; þá takmarkaði löggjöfin (í lögunum um forkaupsrétt leiguliða) þann umráðarétt yfir jörðunum, sem áskilinn er löggjafarvaldinu á þann hátt, að framkvæmd á aðalhlugsun ákvæðanna í þjóðjarðasölulögunum yrði oft og tíðum ómöguleg. Það liggur í augum uppi (samkv. 2. gr. þjóðjarðasölulaganna), að vilji löggjafarvaldið afhenda einhverja jarðeign þjóðarinnar með sérstöku lagaboði til einhverra almennings nota, þá fer það ekki þá kynlegu krókaleið, að spyrja fyrst ábúanda og síðan hlutadeigandi hreppfélag að því, hvort þau ekki vilji svipta það tækifærinu til þess. Eftir því gæti landstjórnin t. d. ekki afhent Búnaðarfélagi Íslands þjóðjörð til ræktunar, nema með því móti, að ábúandi og hreppfélag afsali sér þessum ímyndaða forkaupsrétti á jörðinni. Slík löggjöf mundi líklega af mörgum verða talin fremur hjákátleg.

Það liggur líka í augum uppi, að ekki er hægt að segja, að sú jörð gangi kaupum og solum, sem landstjórnin afhendir til almennings nota með sérstöku lagaboði, þó landsjódur þiggi fyrir hana hæfilegt verð.

Þó mörg fleiri rök megi færa til stuðnings því, sem hér hefir verið sagt, þá hyggjum við, að þetta muni nægja til þess að sýna það, að löggjafarvaldið stendur alþjóflega með óbundnar hendur í þessu máli, og að enginn einstaklingur né sveitarfélag hefir nokkurn minsta lagarétt til þjóðjarðarinnar Kjarna, ef þingið vill selja hana til almennings nota með sérstöku lögunum.

En að því er mál þetta snertir að öðru leyti, þá þykir okkur sem löggjafarvaldið eigi fyrst og fremst að líta á það á hvern hátt jörðin muni verða að mestum notum, og erum við ekki í neinum vafa um það, að hún verður langfyrst ræktuð upp og verður að langmestum notum fyrir landbúnaðinn í heild sinni, ef hún verður eign Akureyrarkaupstaðar. Með því móti verður hún líka langflestum mönnum að notum.

Að sjálfsögðu ber líka að líta á það, að Akureyrarkaupstaður hefir brýna þörf fyrir jörðina. Jarðarkaupin eru áhugamál nálega allra kjósenda kaupstaðarins. Bæinn vantar mjög tilfönanlega beitiland. Hefir áður fengið það að nokkru leyti í Kjarnalandi, en á ekki von á því að fá það þar framvegis. Fari svo, verður það til stórhnekkis fyrir hinn blómlega landbúnað kaupstaðarþáa.

Beztu sönnunina fyrir því, hve bæjarbúum er það mikið áhugamál að eignast jörðina, er það, að í vetur gerði bæjarstjórn kaupstaðarins samning við ábúanda jarðarinnar, ekkjuna Kristjönu Jónsdóttur, um að hún afsalði sér til kaupstaðarins forkaups og ábóðarrétti sínum til jarðarinnar með því skilyrði, að Akureyrarkaupstaður greiði henni árlaga 200 kr. meðan hún lifir; var þetta gert í fullu trausti til þess, að hið háa alþingi mundi vilja líta á það, hve vel bærinn vildi láta sér farast við hinn fyrri búanda landsjódseignarinnar og að það að öllu leyti mundi gera löggjafarvaldið fúsara til þess að láta jörðina af hendi við kaupstaðinn. Samningur þessi er samþykktur og undirritaður af öllum bæjarfulltrúum kaupstaðarins, og gengur þegar í gildi, er jörðin verður afhent kaupstaðinum til eignar. — En varla verður annað sagt, en að bærinn hafi með þessu sýnt, að kaupin og umráðaréttur yfir jörðinni eru honum áhugamál, er hann vill vinna til að borga svo hátt gjald árlaga og auk þess borga landsjóði jörðina fallu verði.

Full ástæða er líka til þess að líta á það, að eftir því sem lög ganga nú hér í landi, hafa allir rétt til þess að setjast að í bæjnum, án þess að leita sér aðsetursleyfis (sbr. lög nr. 60 frá 1907 um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn). Þetta eykur að streymið að bæjnum af bláfátæku fólki. Bæirnir hafa það háleita hlutverk að gera nætta borgara úr þessu fátæka fólki og börnum þeirra, en heill þjóðfélaginn er að ekkert tílu leyti undir því komið, hvernig þeim tekst það. Til þess að inni þetta hlutverk af hendu, verður hver bærinn að neyta þeirra náttúraskilyrða, sem fyrir hendi eru og er það ekki lítilvert fyrir Akureyri, að hafa nokkurt land til umráða í þessu skytni, en löggjafarvaldinu síst ætlandi að það vilji vera meinsmaður bæjanna, er þeir leitast við að leysa þetta hlutverk sitt sem best af hendi.

En hvað Hrafnagilshrepp snertir, þá hefir hann alls enga alvöru sýnt í því að ná eignarhaldi á jörð þessari. Enginn lögmæltur undirbúningur hefir farið fram af hálfu hreppna, ekkert lagafrumvarp hefir verið borið upp í þinginu um að selja hreppnum jörðina, og engin rétt rök verða fyrir því færð, að honum sé það nokkurt þroskaskilyði, að fá eignarráð á jörð þessari. Hrafnagilshreppsþúar hafa yfir að ráða þeim kynstrum af ágætis ræktunarlandi, að þeim endist það sannilega þessa öldina út og — því miður — líklega vel það, þó þeir sleptu því við Akureyrarbúa að rækta upp Kjarnalandið.

Við hlóm svo á, sem landssjóði sé það með öllu meinfangalaust að selja jörðina, ef hann fær fyrir hana hæfilegt verð; en hvað verði því viðvíkur, sem ákveðið er á henni í frumvarpinu, þá er haldið sér við mat dómkvaddra, óvilhallra manna, sem skipaðir voru í vettur, eftir leyfi stjórnarráðs, til þess að meta jörðina. Vorum vér allir nefndarmenn — líka háttvirtur minni hluti — sammála um, að jörðiu væri fremur hátt en lágt metin. Hún er 41,2 hundruð að nýju mati, og er þá hvert jarðarhundrað metið á 200 kr. Er það langt yfir meðalverð jarðarhundraða hér á landi og óvenjulega hátt verð á hlunnindalausri jörð. Samt þykir okkur ekki ástæða til þess að færa verðið niður, enda má fullyrða, að Akureyrarkaupstaður sætti sig við það.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru hér að framan, ráðnum við háttvirtri deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1909.

Sigurður Hjörleifsson,  
skrifari og framsögunnður.

Ari Jónsson.

#### Alit minni hlutans.

Eg hefi eigi getað komið mér saman við samnefndarmenn mína um úrlit þessa mála.

Beiðni Akureyrarkaupstaðar um það, að ráðherra Íslands veitist heimild til þess að selja kaupstaðnum þjóðjörðina Kjarna er bygd á því, að ábúandinn hefir afsalað kaupstaðnum forkaupsrétt sinn eða rétt til þess að fá jörðina keypta.

Svo er tilfærð nauðsyn sú, sem sé til þess, að Akureyri eignist jörðina og gagnsemi fyrir kaupstaðarfélagið, eins og nánara er skýrt frá í framanrituðu álitmi meiri hlutans. Að því leyti, er snertir þessa ástæðn, þá get eg ekki með neinu móti séð, að hún sé nægileg. Það þarf meira til þess, að landssjóður selji aðra eins jörð frá sér sem Kjarni er. Akureyri hefir meir en nóg land í því flæmi, sem kaupstaðurinn hefir fengið úr Hrafnagilshreppi frá því á árinu 1893, sem sé Eyraalandstorfuna með Barði og Hamarkoti, 54,9 hndr. að dýrleika, og Naust 21,8 hndr.; þetta land er allmikið, og nú fylgja þessum jörðum stórir slægjuhólmar í Eyjatjarðará. Eg get ómögulega séð, að Akureyrarkaupstaður geti haft meir upp úr Kjarna, eða réttara sagt gjört meir úr jörðunni, en sveitarfélagið, sem leikur hugur á að fá hana líka. Auk þess er jörðin líkleg til gagns fyrir héraðið alt, enda kom það á sínum tíma til tala, að setja annan bændaskóla landeins þar. Hvernig sem lítið er á rétt eða tilkall Hrafnagilshrepps til Kjarna nú sem stöndur, þá er ekki rétt, að hann sé fyrir borð borinn vegna kaupstaðarins. Kjarni verður eflaust talin með þeim jörðum, sem heimfærast undir 2. gr. laga 20. oktr., um sölu þjóðjarða.

Þegar ég svo sný mér að hinni hlið málsins, þeirri aðferð, sem kaupstaðurinn eða bæjarstjórnin hefir viðhaft til þess að ná eignarréttinum yfir Kjarna, þá er þess að gæta, að afsal ábúandans til kaupstaðarins á forkaupsréttinum er gagnstætt grundvallar reglum laganna um „delegation“. Það er alt annað, að ábúinn getur slept forkaupsrétti sínum gagnvart lendedrotni.

Í 4. gr. laga 20. oktr. 1905, um forkaupsrétt leiguliða, er svo fyrir mælt, að ef leiguliði á jörðu afsali sér forkauperétti sínum, þá öðlist sveitarfélag það, sem jörð liggur í, forkauperéttinn. Ákvæði þetta nær nú ekki til þjóðjarða, en ef mætti heimfæra það „analogice“ upp á þjóðjörð, þá lægi það næst, að forkauperétturinn til Kjarna lenti hjá Hrafnagilshreppi. Hann hefir nú fastlega mótmælt því, að Kjarni yrði seldur, og sýslunefnd Eyjatjarðarýslu sömuleiðis.

Ur því hér er að ræða um afhending þjóðjarðar, liggur nær að ihuga fyrirmáli laga 20. oktr. 1905 um sölu þjóðjarða. Þau eiga að visu eigi hér við, því ábúandinn

hefir ekki falið jörðina af landsdrotni, en lög þessi sýna samt svo mikið, að sýslunefndir hafa hönd í bagga með, þegar um sölu þjóðjarða er að ræða, og sýslunefndin í Eyja-fjarðarsýslu hefir látið til sín heyra í þessu máli; svo mikið er komið fram, að jörðin Kjarni sé þess eðlis, að hún eigi að verða og geti orðið til almennings nota fyrir sýslu-félagið eða hreppfélag það, sem hún liggur í.

Það er ekki rétt, að selja þessa jörð að svo stöddu frá landssjóði.

Eg leyfi mér því að leggja það til, að hin háttvirta þingdeild felli framvarpið.

Alþingi, 18. dag marsmán. 1909.

J. Havsteen,  
formaður.